

Sp.

178. Fyrirspurnir.

[98. mál]

I. Til fjármálaráðherra um stóreignaskatt.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Hverju nemur álagður stóreignaskattur samkv. 12. gr. l. nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.?
2. Hve miklu nemur skatturinn í Reykjavík, og á hve marga gjaldendur er hann lagður þar?
3. Hve mikið af skattinum hefur þegar verið innheimt og hve mikið greitt í skuldabréfum samkvæmt 12. gr. gengisskráningarlagna?
4. Verður skrá yfir álagðan stóreignaskatt lögð fram?

II. Til landbúnaðarráðherra um útflutning og verðlag á dillakjöti.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Hve miklar birgðir dillakjöts og annars kindakjöts eru nú til í landinu?
2. Hvert er fob-verð dillakjöts þess, sem selt hefur verið til Bandaríkjana?
3. Hvert verður nettóverð til framleiðenda á því kjöti, sem selt hefur verið til Bandaríkjana?
4. Hvaða nettóverð er áætlað að framleiðendur fái fyrir dillakjöt, sem selt er innanlands samkv. verðlagsákvörðun framleiðsluráðs landbúnaðarins á þessu hausti?
5. Hvað er greitt fyrir líflömb vegna fjárskipta á þessu hausti, miðað við kíló í lifandi þunga?